

123. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn mánudaginn 8. nóvember

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl. 14:30

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Pálína Margeirsdóttir, Gauti Jóhannesson, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 2. lið var Hlynur Sigurðsson.

1. Fundargerð 122. fundar stjórnar

Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.

2. Flugvallarverkefnið

Framkvæmdastjóri kynnti umræður um Egilsstaðaflugvöll frá fundi með stjórn Isavia þann 2. nóvember. Augljóst er að uppbyggingar er þörf á vellinum og búið er að teikna upp sviðsmyndir af hálfu Isavia og ráðgjafa á þeirra vegum. Framkvæmdastjóra er falið að vinna að málinu áfram á grundvelli umræðna.

Hlynur Sigurðsson kom inná fundinn kl. 15:10. Hlynur vinnur að samtali við erlend flugfélög í samstarfsverkefni á milli Isavia, Íslandsstofu, Austurbrúar og Markaðsstofu Norðurlands. Verkefnið er fólgið í samtali við flugfélögin fyrir hönd þessara markaðssvæða. Hlynur sagði frá þróun vinnunnar á árinu.

3. Íslandsstofa

Framkvæmdastjóri kynnti umræður frá fundi með stjórn Íslandsstofu þann 20. október sl. Rætt var um flugmálin og áherslur í útflutningsmálum og þau tækifæri sem eru til staðar. Umræður stjórnar um önnur málefni sem hægt er að vinna með Íslandsstofu.

4. Fundaáætlun haustsins

Framkvæmdastjóri kynnti drög að uppfærðri fundaáætlunáætlun fram að næsta vori. Er framkvæmdastjóra falið að uppfæra fundaáætlunina á grundvelli umræðna og senda á stjórn.

5. Önnur mál

5.1 Umræður um stöðu á vinnumarkaði á Austurlandi sem og stöðu húsnæðismála í landshlutanum.

5.2 Umræður um hlutfallslega aukningu ferðamanna til Austurlands í sumar.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl. 16:00